

Mál nr. 309/2014
M1 og
V1) v/ bifreiðarinnar A gegn M2 og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Grundargötu á Dalvík, 16. ágúst 2014.

Gögn.

1. Málskot ásamt gögnum.
2. Bréf V1, dags. 6. nóvember 2014, ásamt fylgiskjöllum
3. Óundirritað bréf frá M2, dags. 22. október 2014, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B á Grundargötu. Ökumaður A ekur suðuraustur Grundargötu og tekur vinstri beygju í átt að Sandskeiði. Ökumaður B ekur suðvestur Grundargötu með fyrirhugaða beygju til hægri, áfram eftir Grundargötu. Árekstur varð á milli bifreiðanna í beygjunni þegar þær mættust. Afstöðumynd er teiknuð á framhlið tjónstilkynningar þar sem bifreiðarnar virðast annars vegar vera í þröngri vinstri beygju (B) og hins vegar í víðri hægri beygju (A). Í gögnum málsins má sjá frásögn vitna þar sem fram kemur að hægt hafi verið aka beggja vegna við bifreiðarnar.

Álit.

Teikning á framhlið tjónstilkynningar er óljós um nákvæma staðsetningu bifreiðanna. Engin vitni eru að árekstrinum sjálfum en nokkur vitni sem geta um staðsetningu bifreiðanna eftir áreksturinn þar sem fram kemur að þeir hafi báðir verið utan eðlilegrar akstursleiðar. Báðir ökumenn halda því fram að hinn ökumaðurinn hafi ekið yfir á öfugan vegarhelming. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvor hafi rétt fyrir sér í þeim efnum og verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.